

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Lárvík í Eyrarsveit.

1. Innri- og Ytri-Látravík og Skerðingsstaðir	747 einingar
2. Efri-Lág og Lágarkot	102 —
3. Krókur	26 —
4. Neðri-Lág	74 —
5. Mýrarhús	51 —

 Samtals 1000 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

1. gr.

Stéttarfélag eða stéttarsambönd höfunda fara með almenna aðild til að semja við Ríkisútvarpið um greiðslur til höfunda fyrir verk, sem heimilt er að flytja í útvarpi án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, sbr. 23. gr. 1. mgr. höfundalaga nr. 73/1972, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Leita skal umsagnar höfundaréttarnefndar, sem skipuð er skv. 58. gr. höfundalaga, um umsóknir stéttarféлага um löggildingu. Stéttarfélagi höfunda, sem þegar hefur verið löggilt af menntamálaráðuneytinu, er heimilt að halda löggildingu sinni án nýrrar umsóknar.

2. gr.

Takist ekki samningar milli stéttarfélags og Ríkisútvarpsins um greiðslur til höfunda skv. 1. gr. geta aðilar, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð 3ja manna gerðardóms, sbr. 2. mgr. 57. gr. höfundalaga, sbr. og reglur sem ráðuneytið setur um störf dómsins.

3. gr.

Stéttarfélagi höfunda, sem öðlast hefur umboð verulegs hluta íslenskra höfunda og hlotið löggildingu skv. 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan Ríkisútvarpsins að því leyti, sem höfundi ber þóknun fyrir flutning þeirra. Slík gjaldskrá er háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Beiðni stéttarfélags um gjaldskrá skal lögð fyrir höfundaréttarnefnd til umsagnar. Eldri gjaldskrár, löglega settar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

4. gr.

Rétthafar ritverka og tónsmíða, sem hvorki eru meðlimir löggilts félags né hafa veitt því umboð til að gæta hagsmuna sinna, skulu njóta sama réttar og meðlimir félagsins að því er snertir fjárhæð greiðslu fyrir flutning verka þeirra.

Innheimtu og aðra hagsmunagæslu en að framan greinir, sbr. 1.—3. gr. annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við reglur eða samþykktir félagsins. Þó skal stéttarfélagi höfunda, sem annast almenna innheimtu gjalda fyrir flutningsrétt og hefur aflað sér umboða til þeirrar starfsemi frá verulegum hluta íslenskra höfunda, einnig heimil innheimta fyrir rétthafa sem standa utan félagsins eða hafa ekki veitt því sérstakt innheimtuumboð enda njóti þeir sama réttar við úthlutun og félagsmenn.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í höfundalögum nr. 73/1972 og kemur í stað reglugerðar nr. 429 frá 30. desember 1974.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

6. janúar 1976.

Nr. 4.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4x14 m/r interl.	97.65
4x14 r/r og 8x7 r/l	107.14
10x5, 3x18 og 4x12	171.77
5x10 og 4x13	193.73
4x15	202.71
12x1	184.74
Blokk	117.84
Blokk 24½	121.84
Ýsa:	
4x14 m/r interl.	92.59
10x5 og 3x18	166.57
12x1	175.07
Blokk	111.72
Steinbítur:	
8x7 r/l	79.77
10x5	159.73
12x1	159.73
Blokk	102.46